

1910247

Camerarctica

05.61

c/o Ármann Helgason

Markarflöt 7, 210 Garðabæ

06.10.2019

Ágæta Menningar- og safnanefnd,

Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlegu tónleika undir yfirskiptinni "Mozart við kertaljós" í Garðakirkju fimmtudaginn 19. desember 2019. Þetta verður tuttagasta og sjönda árið sem tónleikaröðin hljómar en fyrstu tónleikarnir voru haldnir fyrir jólin árið 1992. Tónleikarnir hafa verið haldnir í fjórum kirkjum undanfarin ár þ.e í Hafnarfjarðarkirkju, Kópavogskirkju og Dómkirkjunni í Reykjavík en Garðakirkja bættist við tónleikaröðina árið 2008. Tónleikarnir hafa síðan þá tekist einstaklega vel til enda bæjarbúar ánægðir með að fá þessa árlegu klassísku tónleika inn í tónleikaflóru Garðabæjar og hefur kirkjan ávallt verið þétt setin.

Meirihluti kammerhópsins Camerarctica býr eða tengist Garðabæ þannig að það var löngu orðið tímabært að bæta þessari sérlega vel hljómandi og fallegu kirkju inn í tónleikaröðina okkar. Meðlimir Camerarctica eru mjög virkir í tónlistarlífinu og leika bæði með Sinfóníuhljómsveit Íslands og virtum kammerhópum. Fastir meðlimir hópsins eru Ármann Helgason klarinettuleikari, Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir og Bryndís Pálsdóttir fiðluleikarar, Guðrún Þórarinsdóttir og Svava Bernharðsdóttir víóluleikarar og Sigurður Halldórsson sellóleikari.

Camararctica leitar nú til Menningamálanefndar eftir styrk vegna tónleikanna eins og undanfarin ár.

Kostnaður vegna tónleika í Garðakirkju, 21. des. 2019 "Mozart við kertaljós":

Auglýsingar og kynningastjórnun, veggspjöld, efnisskrár, Kirkjuleiga, kerti,

uppsetning á stökum og ýmis annar kostnaður: Kr.120.000

Laun til flytjenda:

Kr.265.000

Tekjur vegna tónleikanna: Við höfum aðgangseyrinn í algjöru lágmarki eins og undanfarinn ár svo allir geti komið og notið þess að hlusta á ljúfa tónlist eftir Mozart. Mörgum þykir ómissandi að koma úr miðri jólaösinni inn í kyrrðina og kertaljósín í rökrinu og því tónleikarnir orðnir fastur liður hjá mörgum.

Aðgangseyrir(helmingafsláttur fyrir eldri borgara og nemendur, frítt fyrir börn.)
auk boðsgesta.

Áætlað:

Kr. 125.000

Sótt er um styrk vegna tónleika " Mozart við kertaljós " í Garðakirkju 2019.

kr.260.000

Virðingarfyllst, fyrir hönd Camerartica,

